

Nr. 18
5. okt.

Bráðabirgðalög

um

breyting á lögum nr. 54, 3. nóvember 1915 um stofnun
Brunabótafjelags Íslands.

Vjer Christian hinn Tiundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta.
hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Þaræð upp hefir verið borið fyrir Oss, að æskilegt sje vegna vátrygginga, sem landsstjórnin hefir í hyggju að semja um við Brunabótafjelað Íslands, að breytt sje ákvæðum laga nr. 54, 3. nóvember 1915, um að fjelagið megi ekki taka að sjer lausafjártryggingar, er nemi í einni vátryggingarupphæð meira en 6 þúsund krónum og að vátrygði skuli jafnan bera nokkurn hluta áhættunnar, hvorttveggja að því er viðkemur vátryggingum landsstjórnarinnar, þá teljum Vjer það brýna nauðsyn að gefa út bráðabirgðalög um þetta efni, samkvæmt 6. gr. stjórnarskipunarlaga 19. júní 1915.

Þvi bjóðum Vjer og skipum þannig:

1. gr.

Ákvæði laga nr. 54, 3. nóvember 1915 um að engin ein vátryggingarupphæð lausafjár megi nema meira en 6000 krónum og að fjelagið tryggi að eins $\frac{5}{6}$ eða $\frac{2}{5}$ hluta verðs, ná eigi til vátrygginga, sem landsstjórnin kann að semja sjerstaklega um við fjelagið. Vátryggingar þessar getur fjelagið tekið að sjer án þess að takmörk sjeu sett fyrir einstökum vátryggingarupphæðum og þannig, að fult verð sje trygt.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sörgenfríhöll 5. október 1918.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Sigurður Jónsson,